



Reykjavík 6. júlí 2015

**Tilkynning til Kauphallar Íslands:**

**Efni: FÍ fasteignafélag slhf. kt. 571212-0210 hefur skrifað undir kaupsamning um kaup á fasteigninni Hverfisgötu 103 í 105 Reykjavík.**

Í morgun var skrifað undir kaupsamning um kaup FÍ fasteignafélags slhf. á fasteigninni Hverfisgötu 103 í 101 Reykjavík, fastanr. 200-3628. Seljandi er Hvannir ehf. kt. 640412-0540 og er áætluð afhending eignarinnar þann 1. september 2015.

Kaupverð fasteignarinnar er kr. 1.731.000.000 og er það fjármagnað u.þ.b. að 80% með stækkun útgáfu FÍ fasteignafélags í skuldabréfaflokki 13.01 og 20% með eigið fé. Helsta skilyrði viðskiptanna er að fasteignin verði afhent í samræmi við fyrirliggjandi skilalýsingu og viðeigandi samningsgögn, og að undirliggjandi leigusamningur taki gildi.

Fasteignin er 4.221m<sup>2</sup> að stærð og þar verður opnað á næstu vikum Hótel Skuggi sem er 100 herbergja hótel sem rekið er af KEA hótélum sem leigutaka allrar fasteignarinnar. Ársleiga verður 148.000.000 kr.

Kaupin á Hverfisgötu 103 eru í samræmi við fjárfestingarstefnu FÍ fasteignafélags og með þeim aukast leigutekjur og EBITA félagsins um 30%.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri FÍ, Örn V. Kjartansson s. 8259000, [orn@fifasteignir.is](mailto:orn@fifasteignir.is)